# ÞJÓÐMÁLAKÖNNUN

## UNNIÐ FYRIR

## INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Júlí 2015

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# LÝSING Á RANNSÓKN

| | |
|---|---|
| Unnið fyrir | Innanríkisráðuneytið |
| Markmið | Að kanna viðhorf til breytinga á reglum um mannanöfn |
| Gagnaöflun | 15. júní – 12. júlí 2015 |
| Skýrsluskil | 16. júlí 2015 |
| Framkvæmd | Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands |
| Undirbúningur og gagnaöflun | Vala Jónsdóttir |
| Hreinsun og úrvinnsla | Hafsteinn Einarsson |
| Skýrslugerð | Hafsteinn Einarsson |

# EFNISYFIRLIT

**Inngangur** ........ 3
**Framkvæmd og heimtur** ........ 4
**Úrvinnsla** ........ 5
**Bakgrunnsupplýsingar** ........ 6
**Niðurstöður** ........ 10

# INNGANGUR

Í Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands er spurt um ýmis samfélagsleg málefni og það sem efst er á baugi hverju sinni.  Í júní 2015 voru þátttakendur meðal annars spurðir um viðhorf sitt til breytinga á reglum um mannanöfn. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra spurninga.

Könnunin náði til 1437 meðlima í netpanel Félagsvísindastofnunar HÍ. Netpanell Félagsvísinda-stofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnunum á vegum stofnunarinnar. Netpanellinn byggist á tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Söfnun í netpanel á sér stað jafnt og þétt og fylgst er vel með samsetningu hans. Meðal annars er þess gætt að dreifing kyns, aldurs, búsetu og menntunar sé sem líkust því sem hún er meðal allra landsmanna, 18 ára og eldri. Með því að tryggja gæði netpanelsins með framangreindum hætti er möguleiki á að alhæfa um niðurstöður rannsókna sem byggjast á svörum úr honum.

# FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Tekið var 1437 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Úrtakið var lagskipt eftir kyni, aldri og búsetu til þess að það endurspeglaði sem best samsetningu landsmanna. Gagnaöflun hófst 15. júní 2014 og lauk 12. júlí 2014. Alls svöruðu 873 könnuninni og er svarhlutfallið því 61% (sjá töflu i).

### *Tafla i. Framkvæmd könnunarinnar*

| | |
|---|---|
| Framkvæmdamáti | Netkönnun |
| Upplýsingasöfnun | 15.06.15-12.07.15 |
| Fjöldi í úrtaki | 1437 |
| Fjöldi svarenda | 873 |
| Svarhlutfall | 61% |

Í töflu ii má sjá dreifingu meðal svarenda og í þýði eftir kyni, aldri, búsetu og menntun. Munur er á aldursdreifingu og menntun svarenda könnunarinnar og Íslendinga almennt. Svörun var lakari í yngsta aldurshópnum en í öðrum aldurshópum. Einnig var svörun betri hjá háskólamenntuðum og lakari meðal þeirra sem höfðu lokið grunnskólamenntun. Gögnin voru því vigtuð eftir kyni, aldri, búsetu og menntun til þess að niðurstöður gæfu sem réttasta mynd af þýði.

### *Tafla ii. Samanburður á dreifingu eftir kyni, aldri, búsetu og menntun svarenda og þýðis*[1]

| | Fjöldi svarenda | Hlutfall svarenda | Fjöldi í þýði | Hlutfall í þýði |
|---|---|---|---|---|
| ***Kyn*** | | | | |
| Karl | 460 | 52,7% | 122.482 | 49,9% |
| Kona | 413 | 47,3% | 123.149 | 50,1% |
| ***Aldur ****** | | | | |
| 18-25 ára | 61 | 7,0% | 38.926 | 15,8% |
| 26-35 ára | 151 | 17,3% | 45.568 | 18,6% |
| 36-45 ára | 176 | 20,2% | 41.999 | 17,1% |
| 46-55 ára | 180 | 20,6% | 43.062 | 17,5% |
| 56-65 ára | 178 | 20,4% | 36.146 | 14,7% |
| 66-75 ára | 97 | 11,1% | 22.131 | 9,0% |
| 76 ára og eldri | 30 | 3,4% | 17.799 | 7,2% |
| ***Búseta*** | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 571 | 65,4% | 158.041 | 64,3% |
| Landsbyggð | 302 | 34,6% | 87.590 | 35,7% |
| ***Menntun ****** | | | | |
| Grunnskólamenntun | 97 | 12,4% | 89.528 | 37,9% |
| Framhaldsskólamenntun | 293 | 37,4% | 85.947 | 36,4% |
| Háskólamenntun | 393 | 50,2% | 60.863 | 25,8% |

Marktækur munur er á fjölda svarenda og fjölda í þýði; *$p$ < 0.05, **$p$ < 0.01, ***$p$ < 0.001

[1] Fjöldatölur um kyn, aldur og búsetu byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands frá 1. janúar 2015. Fjöldatölur um menntun byggja á manntali Hagstofu Íslands frá árinu 2011.

# ÚRVINNSLA

Svör í könnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja spurningu. Í töflum skýrslunnar eru hlutfallstölur reiknaðar út frá vigtuðum niðurstöðum og aðeins eru birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Töflurnar sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir bakgrunnsþáttunum kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, menntun, stöðu á vinnumarkaði, starfsstétt, tekjum, stjórnmálaskoðun og hvort börn séu á heimilinu. Sums staðar sýna súlurnar í töflunum samlagningu tveggja hlutfalla sem birtast í töflunni. Í þeim tilvikum getur það gerst að hlutfallið við súlurnar sé ekki nákvæmlega það sama og það hlutfall sem fæst þegar hlutföllin í töflunni eru lögð saman. Ástæða þessa er að í töflunum er námundað að næsta aukastaf.

Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0{,}05$), þ.e. meðal Íslendinga í júní 2015. Tvær stjörnur þýða að innan við 1% líkur séu á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0{,}01$) og þrjár stjörnur þýða að innan við 0,1% líkur eru á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0{,}001$). Reynist marktektarpróf ógilt vegna fámennis í hópum er skammstöfunin *óg* notuð.

# BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR

## *Tafla 1. Kyn*

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Karl | 460 | 440 | 50% | 3,3% | 50% |
| Kona | 413 | 433 | 50% | 3,3% | 50% |
| **Alls** | **873** | **873** | **100%** | | |

## *Tafla 2. Aldur*

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| 18-29 ára | 97 | 175 | 20% | 2,7% | 20% |
| 30-44 ára | 276 | 270 | 31% | 3,1% | 31% |
| 45-59 ára | 276 | 228 | 26% | 2,9% | 26% |
| 60 ára og eldri | 224 | 200 | 23% | 2,8% | 23% |
| **Alls** | **873** | **873** | **100%** | | |

## *Tafla 3. Búseta*

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæði | 571 | 562 | 64% | 3,2% | 64% |
| Landsbyggð | 302 | 311 | 36% | 3,2% | 36% |
| **Alls** | **873** | **873** | **100%** | | |

## *Tafla 4. Hver er hjúskaparstaða þín?*

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Einhleyp(ur) | 119 | 185 | 23% | 2,9% | 23% |
| Í sambúð | 161 | 181 | 23% | 2,9% | 23% |
| Í hjónabandi/í staðfestri samvist | 447 | 365 | 46% | 3,5% | 46% |
| Fráskilin(n)/skilin(n) að borði og sæng | 56 | 47 | 6% | 1,6% | 6% |
| Ekkja/ekkill | 12 | 17 | 2% | 1,0% | 2% |
| **Fjöldi svara** | **795** | **795** | **100%** | | |
| Svarar ekki | 78 | 78 | | | |
| **Alls** | **873** | **873** | | | |

Í greiningu niðurstaðna er hjúskaparstöðu skipt í fjóra flokka þar sem flokkarnir *Ekkja/ekkill* og *Fráskilin(n)/skilin að borði og sæng* eru sameinaðir.

## Tafla 5. Búa börn, 17 ára eða yngri, á heimili þínu?

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Engin börn á heimilinu | 463 | 476 | 60% | 3,4% | 60% |
| Börn á heimilinu | 331 | 319 | 40% | 3,4% | 40% |
| **Fjöldi svara** | **794** | **794** | **100%** | | |
| Svarar ekki | 79 | 79 | | | |
| **Alls** | **873** | **873** | | | |

## Tafla 6. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Grunnskólanám eða minna | 97 | 296 | 38% | 3,4% | 38% |
| Starfsnám | 125 | 145 | 19% | 2,7% | 19% |
| Iðnnám - verklegt nám á framhaldsskólastigi | 46 | 40 | 5% | 1,5% | 5% |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 122 | 99 | 13% | 2,3% | 13% |
| Nám í sérskóla á háskólastigi | 39 | 22 | 3% | 1,2% | 3% |
| Grunnnám í háskóla | 218 | 112 | 14% | 2,5% | 14% |
| Meistaranám í háskóla | 134 | 67 | 9% | 2,0% | 9% |
| Doktorsnám | 2 | 1 | 0% | 0,2% | 0% |
| **Fjöldi svara** | **783** | **783** | **100%** | | |
| Svarar ekki | 90 | 90 | | | |
| **Alls** | **873** | **873** | | | |

Í greiningu niðurstaðna er menntun skipt í fjóra flokka þar sem flokkarnir *Starfsnám* og *Iðnnám* eru sameinaðir undir heitinu *Verklegt nám á framhaldsskólastigi* og allt nám á háskólastigi er sameinað undir heitinu *Háskólanám* .

## Tafla 7. Hver er staða þín á vinnumarkaði?

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Í launuðu starfi | 582 | 548 | 63% | 3,2% | 63% |
| Á eftirlaunum | 78 | 91 | 11% | 2,0% | 11% |
| Í námi | 40 | 58 | 7% | 1,7% | 7% |
| Sjálfstætt starfandi | 59 | 51 | 6% | 1,6% | 6% |
| Öryrki | 39 | 51 | 6% | 1,6% | 6% |
| Atvinnurekandi | 42 | 40 | 5% | 1,4% | 5% |
| Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi | 10 | 12 | 1% | 0,8% | 1% |
| Atvinnuleitandi | 14 | 10 | 1% | 0,7% | 1% |
| Heimavinnandi | 2 | 5 | 1% | 0,5% | 1% |
| Annað | 0 | 0 | 0% | 0,0% | 0% |
| **Fjöldi svara** | **866** | **866** | **100%** | | |
| Svarar ekki | 7 | 7 | | | |
| **Alls** | **873** | **873** | | | |

Í greiningu niðurstaðna er stöðu á vinnumarkaði skipt í fjóra flokka þar sem flokkarnir *Sjálfstætt starfandi* og *Atvinnurekandi* eru sameinaðir og flokkarnir *Á eftirlaunum, Öryrki, Atvinnuleitandi, Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi, Heimavinnandi* og *Annað* eru sameinaðir undir heitinu *Annað.*

## *Tafla 8. Undir hvern af eftirfarandi flokkum fellur aðalstarf þitt?*

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- |
|---|---|---|---|---|
| Sérfræðingar með háskólapróf | 192 | 97 | 20% | 3,6% |
| Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk | 59 | 82 | 17% | 3,3% |
| Stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn | 81 | 64 | 13% | 3,0% |
| Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk | 70 | 64 | 13% | 3,0% |
| Skrifstofufólk | 45 | 62 | 13% | 3,0% |
| Tæknar og sérmenntað starfsfólk | 56 | 39 | 8% | 2,4% |
| Ósérhæft starfsfólk | 15 | 31 | 6% | 2,2% |
| Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk | 18 | 26 | 5% | 2,0% |
| Bændur og fiskimenn | 20 | 21 | 4% | 1,8% |
| Annað | 0 | 0 | 0% | 0,0% |
| **Fjöldi svara** | **556** | **485** | **100%** | |
| Ekki í starfi | 183 | 227 | | |
| Svarar ekki | 134 | 160 | | |
| **Alls** | **873** | **873** | | |

Hlutfall




Í greiningu niðurstaðna er starfi skipt í fjóra flokka þar sem flokkarnir *Stjórnendur* og *Sérfræðingar* eru sameinaðir, flokkarnir *Tæknar* og *Iðnaðarmenn* eru sameinaðir, flokkarnir *Skrifstofufólk* og *Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk* eru sameinaðir og flokkarnir *Bændur og fiskimenn, Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk* og *Ósérhæft starfsólk* eru sameinaðir.

## *Tafla 9. Hverjar eru heildartekjur þínar að jafnaði á mánuði fyrir skatt?*

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- |
|---|---|---|---|---|
| 200 þús. kr. eða lægri | 73 | 130 | 18% | 2,8% |
| 201-300 þús. kr. | 115 | 162 | 23% | 3,1% |
| 301-400 þús. kr. | 122 | 123 | 17% | 2,8% |
| 401-500 þús kr. | 124 | 101 | 14% | 2,6% |
| 501-600 þús. kr. | 99 | 82 | 11% | 2,3% |
| 601-700 þús. kr. | 66 | 43 | 6% | 1,8% |
| 701-900 þús. kr. | 68 | 46 | 6% | 1,8% |
| 901 þús.-1,1 milljón kr. | 19 | 12 | 2% | 1,0% |
| Yfir 1,1-1,3 milljón kr. | 8 | 7 | 1% | 0,7% |
| Yfir 1,3-1,5 milljón kr. | 5 | 2 | 0% | 0,4% |
| Yfir 1,5 milljón kr. | 9 | 5 | 1% | 0,6% |
| **Fjöldi svara** | **708** | **713** | **100%** | |
| Svarar ekki | 165 | 160 | | |
| **Alls** | **873** | **873** | | |

Hlutfall




Í greiningu niðurstaðna er einstaklingstekjum skipt í fimm flokka þar sem flokkarnir *401-500 þús. kr.* og *501-600 þús. kr.* eru sameinaðir og allir flokkar yfir 600 þús. kr. eru sameinaðir undir heitinu *Hærri en 600 þús. kr*.

### *Tafla 10. Hverjar eru heildartekjur heimilis þíns, það er þínar og maka þíns, að jafnaði á mánuði fyrir skatt?*

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- |
|---|---|---|---|---|
| 200 þús. kr. eða lægri | 73 | 67 | 10% | 2,2% |
| 201-300 þús. kr. | 115 | 92 | 13% | 2,5% |
| 301-400 þús. kr. | 122 | 81 | 12% | 2,4% |
| 401-500 þús kr. | 124 | 98 | 14% | 2,6% |
| 501-600 þús. kr. | 99 | 76 | 11% | 2,3% |
| 601-700 þús. kr. | 66 | 64 | 9% | 2,1% |
| 701-900 þús. kr. | 68 | 103 | 15% | 2,6% |
| 901 þús.-1,1 milljón kr. | 19 | 46 | 7% | 1,8% |
| Yfir 1,1-1,3 milljón kr. | 8 | 34 | 5% | 1,6% |
| Yfir 1,3-1,5 milljón kr. | 5 | 18 | 3% | 1,2% |
| Yfir 1,5 milljón kr. | 9 | 19 | 3% | 1,2% |
| **Fjöldi svara** | **708** | **698** | **100%** | |
| Svarar ekki | 165 | 175 | | |
| **Alls** | **873** | **873** | | |

Hlutfall




Í greiningu niðurstaðna er heimilistekjum skipt í fimm flokka. Einstaklingstekjur þeirra sem eiga ekki maka eru skráðar sem heimilistekjur þeirra.

# NIÐURSTÖÐUR

*Í **[lögum um mannanöfn]** er kveðið á um framkvæmd nafngjafar og rétt og skyldu forsjármanna til að gefa börnum sínum nöfn. Þá er þar settur rammi um nafngjafir að öðru leyti, svo sem um fjölda nafna og þau skilyrði sem nöfn þurfa að uppfylla, þar með talin ættarnöfn. Þá kveða lögin á um störf mannanafnanefndar sem meðal annars hefur það hlutverk að skera úr álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir og nafnritun. Samanteknar meginreglur mannanafnalaga er að finna **[hér.]***

***Tafla 12. Ert þú fylgjandi eða andvíg(ur) því að núgildandi reglur um mannanöfn verði rýmkaðar? - Tíðnitafla***

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Mjög fylgjandi | 235 | 233 | 27% | 3,0% | 27% |
| Frekar fylgjandi | 272 | 278 | 33% | 3,1% | 33% |
| Hvorki fylgjandi né andvíg(ur) | 159 | 165 | 19% | 2,7% | 19% |
| Frekar andvíg(ur) | 121 | 114 | 13% | 2,3% | 13% |
| Mjög andvíg(ur) | 66 | 63 | 7% | 1,8% | 7% |
| **Fjöldi svara** | **853** | **853** | **100%** | | |
| Veit ekki | 18 | 18 | | | |
| Vil ekki svara | 2 | 1 | | | |
| **Alls** | **873** | **873** | | | |

***Tafla 13. Að hve miklu leyti telur þú að reglur um mannanöfn eigi að vera rýmkaðar? -Tíðnitafla***

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Ég tel að engar reglur eigi að gilda um mannanöfn | 124 | 122 | 24% | 3,7% | 24% |
| Ég tel að einhverjar reglur eigi að gilda um mannanöfn | 374 | 382 | 76% | 3,7% | 76% |
| **Fjöldi svara** | **498** | **504** | **100%** | | |
| Á ekki við | 366 | 362 | | | |
| Veit ekki | 9 | 7 | | | |
| Vil ekki svara | 0 | 0 | | | |
| **Alls** | **873** | **873** | | | |

***Tafla 14. Ert þú fylgjandi eða andvíg(ur) því að núgildandi reglur um mannanöfn verði rýmkaðar? – Bakgrunnsgreinining***

| | Mjög fylgjandi | Frekar fylgjandi | Hvorki fylgjandi né andvíg(ur) | Frekar andvíg(ur) | Mjög andvíg(ur) | Fjöldi eftir vigtun | Fjöldi fyrir vigtun | Mjög eða frekar fylgjandi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***Heild*** | 27% | 33% | 19% | 13% | 7% | 853 | 853 | 60% |
| ***Kyn***** | | | | | | | | |
| Karl | 28% | 31% | 17% | 14% | 10% | 428 | 447 | 59% |
| Kona | 26% | 34% | 22% | 12% | 5% | 425 | 406 | 61% |
| ***Aldur***** | | | | | | | | |
| 18-29 ára | 37% | 31% | 13% | 15% | 5% | 164 | 90 | 68% |
| 30-44 ára | 33% | 35% | 17% | 11% | 4% | 265 | 269 | 68% |
| 45-59 ára | 23% | 33% | 23% | 12% | 9% | 226 | 274 | 56% |
| 60 ára og eldri | 17% | 31% | 24% | 16% | 12% | 198 | 220 | 47% |
| ***Búseta**** | | | | | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 28% | 36% | 17% | 12% | 6% | 547 | 557 | 64% |
| Landsbyggð | 25% | 27% | 23% | 15% | 10% | 306 | 296 | 52% |
| ***Hjúskaparstaða*** | | | | | | | | |
| Einhleyp(ur) | 33% | 34% | 14% | 13% | 6% | 180 | 118 | 67% |
| Í sambúð | 27% | 32% | 23% | 14% | 4% | 175 | 155 | 59% |
| Í hjónabandi/staðfestri samvist | 24% | 31% | 21% | 15% | 10% | 360 | 439 | 54% |
| Skilin(n) eða ekkill/ekkja | 25% | 44% | 15% | 7% | 9% | 63 | 66 | 69% |
| ***Börn á heimili*** | | | | | | | | |
| Engin börn á heimilinu | 26% | 34% | 20% | 13% | 8% | 465 | 454 | 60% |
| Börn á heimilinu | 28% | 31% | 18% | 15% | 8% | 313 | 323 | 59% |
| ***Menntun*** | | | | | | | | |
| Grunnskólanám | 25% | 34% | 22% | 13% | 6% | 292 | 96 | 59% |
| Verklegt nám á framhaldsskólastigi | 28% | 32% | 17% | 11% | 12% | 179 | 166 | 60% |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 27% | 23% | 23% | 17% | 10% | 97 | 119 | 50% |
| Háskólanám | 29% | 36% | 16% | 14% | 6% | 198 | 385 | 65% |
| ***Staða á vinnumarkaði**** | | | | | | | | |
| Í launuðu starfi | 28% | 32% | 20% | 14% | 5% | 531 | 567 | 60% |
| Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi | 27% | 25% | 19% | 14% | 16% | 91 | 100 | 52% |
| Í námi | 23% | 45% | 14% | 13% | 5% | 57 | 39 | 68% |
| Annað | 24% | 35% | 19% | 11% | 10% | 169 | 141 | 60% |
| ***Starfsstétt***** | | | | | | | | |
| Stjórnendur og sérfræðingar | 31% | 37% | 14% | 12% | 6% | 158 | 269 | 68% |
| Iðnaðarmenn, tæknar og sérmenntað starfsfólk | 29% | 24% | 27% | 9% | 10% | 103 | 126 | 53% |
| Skrifstofu-, sölu- og þjónustufólk | 27% | 33% | 23% | 12% | 5% | 138 | 97 | 61% |
| Bændur, fiskimenn, véla- og verkafólk | 16% | 19% | 23% | 35% | 7% | 77 | 52 | 35% |
| ***Tekjur einstaklings*** | | | | | | | | |
| Lægri en 200 þús. kr. | 23% | 44% | 14% | 15% | 5% | 128 | 72 | 67% |
| 201-300 þús. kr. | 33% | 25% | 21% | 11% | 10% | 161 | 112 | 58% |
| 301-400 þús. kr. | 26% | 32% | 18% | 19% | 5% | 122 | 120 | 57% |
| 401-600 þús. kr. | 25% | 38% | 19% | 11% | 8% | 179 | 218 | 62% |
| Hærri en 600 þús. kr. | 37% | 27% | 18% | 9% | 10% | 115 | 173 | 63% |
| ***Heimilistekjur*** | | | | | | | | |
| Lægri en 300 þús. kr. | 32% | 33% | 14% | 13% | 8% | 157 | 83 | 65% |
| 301-500 þús. kr. | 27% | 39% | 17% | 10% | 7% | 177 | 145 | 66% |
| 501-700 þús. kr. | 22% | 28% | 23% | 18% | 9% | 139 | 154 | 50% |
| 701-900 þús. kr. | 31% | 31% | 15% | 16% | 7% | 102 | 117 | 62% |
| Hærri en 900 þús. kr. | 31% | 34% | 17% | 11% | 7% | 115 | 178 | 65% |

Marktækur munur er á hópum; *$p < 0{,}05$, **$p < 0{,}01$, ***$p < 0{,}001$

*óg* merkir að gögnin uppfyllu ekki forsendur marktektarprófs.

**_Tafla 15. Að hve miklu leyti telur þú að reglur um mannanöfn eigi að vera rýmkaðar? -Bakgrunnsgreinining_**

| | Ég tel að engar reglur eigi að gilda um mannanöfn | Ég tel að einhverjar reglur eigi að gilda um mannanöfn | Fjöldi eftir vigtun | Fjöldi fyrir vigtun |
|---|---|---|---|---|
| *Heild* | 24% | 76% | 504 | 498 |
| *Kyn* | | | | |
| Karl | 25% | 75% | 250 | 250 |
| Kona | 23% | 77% | 254 | 248 |
| *Aldur* | | | | |
| 18-29 ára | 32% | 68% | 108 | 61 |
| 30-44 ára | 24% | 76% | 177 | 178 |
| 45-59 ára | 22% | 78% | 125 | 155 |
| 60 ára og eldri | 19% | 81% | 93 | 104 |
| *Búseta* | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 22% | 78% | 344 | 344 |
| Landsbyggð | 28% | 72% | 159 | 154 |
| *Hjúskaparstaða* | | | | |
| Einhleyp(ur) | 28% | 72% | 121 | 78 |
| Í sambúð | 23% | 77% | 101 | 87 |
| Í hjónabandi/staðfestri samvist | 26% | 74% | 193 | 245 |
| Skilin(n) eða ekkill/ekkja | 14% | 86% | 44 | 43 |
| *Börn á heimili* | | | | |
| Engin börn á heimilinu | 26% | 74% | 276 | 255 |
| Börn á heimilinu | 23% | 77% | 183 | 198 |
| *Menntun* | | | | |
| Grunnskólanám | 25% | 75% | 173 | 53 |
| Verklegt nám á framhaldsskólastigi | 22% | 78% | 106 | 93 |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 22% | 78% | 49 | 59 |
| Háskólanám | 27% | 73% | 126 | 243 |
| *Staða á vinnumarkaði** | | | | |
| Í launuðu starfi | 24% | 76% | 313 | 337 |
| Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi | 43% | 57% | 47 | 53 |
| Í námi | 20% | 80% | 39 | 27 |
| Annað | 19% | 81% | 101 | 76 |
| *Starfsstétt** | | | | |
| Stjórnendur og sérfræðingar | 26% | 74% | 105 | 169 |
| Iðnaðarmenn, tæknar og sérmenntað starfsfólk | 29% | 71% | 55 | 65 |
| Skrifstofu-, sölu- og þjónustufólk | 23% | 77% | 82 | 64 |
| Bændur, fiskimenn, véla- og verkafólk | 36% | 64% | 27 | 18 |
| *Tekjur einstaklings* | | | | |
| Lægri en 200 þús. kr. | 17% | 83% | 85 | 46 |
| 201-300 þús. kr. | 31% | 69% | 92 | 61 |
| 301-400 þús. kr. | 25% | 75% | 69 | 74 |
| 401-600 þús. kr. | 19% | 81% | 110 | 125 |
| Hærri en 600 þús. kr. | 35% | 65% | 72 | 107 |
| *Heimilistekjur* | | | | |
| Lægri en 300 þús. kr. | 22% | 78% | 102 | 48 |
| 301-500 þús. kr. | 28% | 72% | 115 | 90 |
| 501-700 þús. kr. | 25% | 75% | 70 | 88 |
| 701-900 þús. kr. | 22% | 78% | 62 | 66 |
| Hærri en 900 þús. kr. | 27% | 73% | 72 | 110 |

Ég tel að engar reglur eigi að gilda um mannanöfn




Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001
ó merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

***Tafla 16. Vinsamlegast nefndu dæmi um það hvaða reglur eigi að gilda um mannanöfn á Íslandi.***
***Opin spurning – Tíðnitafla yfir algengustu svör***

| | Fjöldi |
|---|---|
| Megi ekki nefna nafni sem gæti orðið barni/einstaklingi til ama | 87 |
| Nöfn verði að fallbeygjast og/eða falla að íslenskum málvenjum | 54 |
| Notast skuli við almenna skynsemi við nafnagiftir | 5 |
| Ekki megi notast við tölustafi eða merki við nafngiftir | 3 |
| Ekki megi skálda upp nöfn | 3 |
| Megi ekki nefna eftir hlutum eða vörumerkjum | 2 |
| Skylt verði að börnum sé gefið nafn fyrir ákveðinn aldur aldur | 2 |
| Frjálst val | 2 |
| Kynjaaðgreind nöfn | 2 |
| **Fjöldi** | **160** |

### *Tafla 17. Vinsamlegast nefndu dæmi um það hvaða reglur eigi að gilda um mannanöfn á Íslandi – Opin spurning frh. – Önnur svör*

| | |
|---|---|
| Annað hvort verði öll ættarnöfn leyfð eða engin | |
| Eina reglan er sú að það má ekki skýra neinn Náttserkur | |
| Eitt eða tvö eiginnöfn, kenna sig við föður eða móður, og viðbótarkenninafn (ættarnafn) ef menn vilja | |
| Eitt nafn sem fellur að islensku beygingarkerfi en þarf ekki að vera fyrsta nafn | |
| Ekki megi nefna of mörgum nöfnum | |
| Engin ný ættarnöfn | |
| Er eiginlega ekki alveg viss. Finnst samt t.d. að erlendir foreldrar eða þar sem annar er erlendur að þá megi allt sem má í viðkomandi landi. | |
| Erlendir ríkisborgarar megi halda sínum nöfnum | |
| Ég vil halda í hinni íslensku hefð að kenna megi sig við föður og/eða móður - Mér finnst aðfluttir eigi að fá að halda nafni sínu en að börn þeirra lagi sig að íslenskri nafnahefð. | |
| Lengd nafna t.d. hámark 3 sérnöfn og eftirnafn/föðurnafn. Praktískar ástæður vegna skráninga i tölvukerfi o.sv.frv. | |
| Lýsingarorð eigi ekki að vera mannanöfn | |
| Mannanöfn skulu vera auðveldlega stafsett | |
| Mér finnst að ef folkið sem er með útlensk tengls eigi að geta skírt í höfuð afann eða ömmuna í útlöndum ef þau vilja eða bara ættarnafn sem þeim langar að halda í eins og [nafn]. Það tók [margra] ára baráttu að láta drenginn heita [nafn] samkvæmt lögum. Fáranlegt, þetta á að vera val foreldra en ekki einhverrar nefndar sem er svona tilgangslaus í raun og veru ,jú jú það er ok í lagi að halda í einhver lög en kom on ekki svona heift yfir svona lagað [nafn] þetta er bara ekki í lagi, óþarfa leiðindi. | |
| Mér finnst að einhverjar reglur þurfi að vera um eigin- og millinöfn | |
| Mér finnst að það eigi að leyfa að skíra nöfnum sem lengi hafa verið í þjóðfélaginu t.d. Reinald, Kristberg og Bjarnar svo eitthvað sé nefnt. Veit að það hefur ekki verið hægt að skíra í höfuðið á öfum vegna mannanafnalaga | |
| Notast megi við nöfn sem hafi fylgt ættum | |
| Nútímavæða reglur um mannanöfn | |
| Nöfn megi ekki bera pólitísk skilaboð. Geti ekki sært blygðunarkennd almennings | |
| Prestar sem neita að skíra nafni eins og Íris en annar leyfir má vera skýrara. Á ekki að vera þrætuepli | |
| Algjörlega ólíðandi að fólk þurfi að flytja úr landi til að fá viðurkennt ættarnafn maka sem sitt ættarnafn við giftingu ef fólk vill það frekar, líkt og venja er í öðrum löndum | |
| Fólk sé í sjalfval sett hvaða nöfn þau velja nema það verður að vera hægt að bera nöfnin fram. Ekki XCQþæj eða nafn með tölustöfum | |
| **Fjöldi alls** | **182** |